

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Önnu Kolbrúnu Árnadóttur um stöðugildi lækna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hversu mörg stöðugildi lækna eru við Landspítalann, Sjúkrahúsið á Akureyri og aðrar heilbrigðisstofnanir?
2. Hversu margir læknar starfa í þessum stöðugildum og hvert er meðalstarfshlutfall þeirra?
3. Hversu mörg stöðugildi eru mönnuð með verktakalæknum?

Í eftirfarandi töflu má sjá yfirlit um fjölda stöðugilda, starfandi lækna og meðaltalsstarfshlutfall þeirra. Einnig kemur þar fram fjöldi stöðugilda sem setin eru af verktakalæknum.

Stofnun	Fjöldi stöðugilda	fjöldi starfandi lækna	meðaltalsstarfshlutfall	setin stöðugildi verktakalækna
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	29,8	34	79%	11
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	21,33	26	82%	0
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	30,55	37	86%	3,75
Heilbrigðisstofnun Norðurlands	31,8	45	70,18%	6,8
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	8	7	100%	2,5
Heilsugæsla Höfuðborgarsvæðis	129	152	84,84%	0
Landspítali	537	642	83,70%	0

Svar barst hvorki frá Heilbrigðisstofnun Austurlands né Sjúkrahúsinu á Akureyri.